



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði til heiðurs
forseta Alþýðulýðveldisins Kína
Jiang Zemin og
frú Wang Yeping
14. júní 2002**

Virðulegi forseti Kína Jiang Zemin
og frú Wang Yeping

Við upphaf nýrrar aldar er heimsókn yðar til Íslands vitnisburður um áherslur í sambúð þjóða, hvernig fjölmenn ríki og fámenn eiga þrátt fyrir fjarlægð og ólíkar aðstæður samleið í þeirri viðleitni að tryggja frið og öryggi, hagsæld og velferð allra jarðarbúa.

Við Íslendingar metum mikils þá virðingu og vináttu sem þér sýnið þjóð okkar og vonum að heimsóknin færi yður nokkra vitneskju um hvernig fámennri þjóð bænda og fiskimanna sem um aldir bjó við erlenda áþján tókst að öðlast frelsi og sjálfstæði og komast hvað velmegun, menntun, heilbrigðisþjónustu og tæknistig snertir í fremstu röð meðal þjóða heims.

Samskipti Íslands og Kína hafa aukist jafnt og þétt á undanförunum áratugum og heimsókn yðar nú, fyrsta opinbera heimsókn forseta Kína til Íslands, er áhrifarík staðfesting á þeim vilja að efla þau og styrkja enn frekar í framtíðinni. Við okkur blasa heillandi verkefni á fjölmörgum sviðum.

Samvinna í sjávarútvegi, vinnsla afurða og viðskipti, skipasmíðar og framleiðsla tæknivara og hugbúnaðar; rannsóknir á jarðhita og nýting orkunnar til húshitunnar; landgræðsla og umhverfisvernd; framfarir í heilbrigðismálum og læknávisindum; aukinn straumur ferðamanna eru aðeins nokkur dæmi um samvinnusvið sem vænleg eru til árangurs.

Heimsóknir listamanna, tónleikar, kvikmyndir, sýningar málara, dansara og leikara, útgáfa ljóða og annarra bókmennta, fornra og nýrra, þurfa einnig að verða ríkur þáttur í samvinnu okkar á komandi árum svo að þjóðir okkar kynnist betur menningu og sköpunarkrafti hvor annarrar, skynji ferðina sem listin færir okkur. Sú samkennd birtist skýrt í nýlegri þýðingu

eftir eitt af fremstu skáldum okkar Matthías Johannessen á ljóði sem þér herra forseti ortuð fyrir rösku ári eftir göngu Yðar á Huangshan fjöllin.

Hallandi að Fagnaðar furunni
horfi ég á Himnaborgar tindinn í fjarlægð,
horfi einnig á Lótusblómið og tinda Byrjandi trausts
sem virðast hafa flogið hingað frá stjörnum.
Leyfið mér að taka draumpensilinn í hönd,
að ég geti dregið upp mikilleik víðáttunnar
meðan sólin brýzt gegnum skýjaöldur
og sólrísið roðar ljómandi víðáttur fimm þúsund kílómetra.

Ég vona að íslensk náttúra, Þingvellir, Gullfoss og Geysir sem þér heimsækið á morgun muni hrífa yður á svipaðan hátt. Íslensk skáld hafa lofsungið þessa staði í ljóðum sem okkur eru kær og kannski vitjar skáldagdyðjan yðar einnig á þessum íslensku töfrastöðum.

Þingvellir eru vagga lýðræðis í landi okkar, heimkynni þings sem þar kom saman fyrir rúmum þúsund árum, miðstöð stjórnskipunar sem setti lög og rétt í öndvegi.

Það er táknrænt að á þeim stað komi meginlönd Ameríku og Evró-asíu saman og Ísland sé þannig brú bæði landfræðilega og hugmyndalega, varðveiti í sögu sinni þau manngildi og lýðréttindi sem vonandi verða leiðarljós öllum þjóðum.

Við þökkum yður, virðulegi forseti, fyrir vináttu og hlýhug sem þér sýnið íslenskri þjóð, bæði með heimsókninni nú og í margvíslegum verkum yðar og ummælum á undanförunum árum. Við gleymum því ekki hvernig þér persónulega hjálpuðu langveikri íslenskri stúlku að njóta kunnáttu kínversks læknis því í slíkri aðstoð felst oft sterkari boðskapur en í háfleygum ræðum.

Ég vona að heimsókn yðar muni veita yður ánægju og fróðleik og leggja grundvöll að enn nánari samvinnu þjóða okkar á nýrri öld. Kínverjar og Íslendingar, fjölmennasta þjóð heims og ein sú fámennasta, geta þannig sýnt í verki hvernig allir jarðarbúar eiga samleið, hvernig farsæl framtíð mannkyns er háð því að allar þjóðir virði hver aðra. Árangur okkar getur orðið öðrum hvatning og vísbending um hvernig hægt er að skapa öllum betri heim.

Ég bið góða gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs Jiang Zemin forseta Kína og frú Wang Yeping og til heilla vináttu Kínverja og Íslendinga.